

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Arnarstapa 1991-2011, Snæfellsbæ.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 10. september 1998 staðfest breytingu á aðalskipulagi Arnarstapa 1991 - 2011 frá 2. desember 1992.

Breytingar felast í því að opnu, óbyggðu svæði norðan byggðar er breytt í sumar- bústaðasvæði og iðnaðarsvæði á mótum Sólvaslóðar og Fornuslóðar er breytt í opið, óbyggt svæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Snæfellsbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfissráðuneytinu, 10. september 1998.

Guðmundur Bjarnason.

Magnús Jóhannesson.

11. september 1998

Nr. 560

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Hveragerðis 1993-2013, Laufskógar, Frumskógar og Hverahlíð.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 11. september 1998 staðfest breytingu á aðalskipulagi Hveragerðis 1993 - 2013 frá 19. maí 1994.

Breytingar felast í því að suðurhluta lóðanna við Hverahlíð 2, 4, 6, 8 og 10 er breytt úr útivistarsvæði í íbúðabyggð, lóðinni Frumskógar 18 er breytt úr íbúðarbyggð í útivistarsvæði og lóðinni Laufskógar 16 er breytt úr útivistarsvæði í íbúðarbyggð.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Hveragerðisbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfissráðuneytinu, 11. september 1998.

Guðmundur Bjarnason.

Magnús Jóhannesson.

21. september 1998

Nr. 561

AUGLÝSING

um útgáfu starfsleyfis fyrir Ósland hf., fiskmjölsverksmiðju, Höfn, Hornafirði.

Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir Ósland hf., fiskmjölsverksmiðju, Höfn, Hornafirði, kt. 501192-2799. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlaðist gildi 17. september 1998 og gildir til 15. maí 1999.

Reykjavík, 21. september 1998.

Hollustuvernd ríkisins, mengunarvarnir,

Hermann Sveinbjörnsson forstjóri.